

Frá: Þórdís Rúnarsdóttir <thordis@salfraedistofan.is>

Sent: mánudagur, 11. apríl 2022 22:24

Til: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>; Gunnar Einarsson <gunnar@gardabaer.is>

Efni: Samfélagsstyrkur

Sæll

Býður Garðabær upp á umsóknir í samfélagssjóð - forvarnarsjóð eða einhversskonar samfélagsstyrk eins og Reykjavík gerir? Er að reyna að skoða vefsíðuna en finnst ekkert.

Við erum hópur fagfólks að leita eftir styrkjum vegna þessa verkefnis: <https://sterkariutilifid.is/>

Um er að ræða forvarnarverkefni sem hefur það að markmiði gefa foreldrum ókeypis efni, byggt á vísindum sem auðveldar þeim að takast á við foreldrahlutverkið og styrkja sjálfsmynd barna sinna. T. Unnið er út frá vefsíðu sem þegar hefur verið opnuð - sterkariutilifid.is. Þar má finna fræðslugreinar en einnig sjó öflugar verkfærakistur fyrir hvert skólastig:

- Gagnrýnin hugsun.
- Núvitund og hugarró.
- Hugsun og tilfinningar.
- Bjargráð,
- Líkamsmynd.
- Gildin í lífinu.
- Samkennd með sjálfum sér og öðrum.

Einnig eru á síðunni fræðslugreinar, bekkjarsáttmáli og fleira.

Allt efni byggir á gagnreyndum grunni vísindanna og stendur stór hópur fagfólks á bak við verkefnið í samvinnu við t.d. Landssamtök foreldra - Heimili og skóli.

Ástæða styrkumsóknar:

Í smíðum er metnaðarfullt app með æfingum til að þjálfa börn og foreldra í slökun og hugleiðslu. Einnig er í smíðum ný verkfærakista um félagsfærni.

Í þessari verkfærakistu verða því verkefni sem taka til dæmis á því hvernig maður biðst fyrirgefningar, setur sig í spor annarra, hvernig við leysum ágreining, hvernig við erum góðir vinir, hvernig við hlustum á aðra, tökumst á við drama í samskiptum, stöndum með okkur í félagslegum aðstæðum osfrv.

Félagsfærni er einn hornsteinninn sterkrar sjálfsmyndar og flest börn þurfa á einhverri leiðsögn að halda þar. Ef barn lendir oft í átökum við önnur börn eða upplifir streitu í samskiptum þá hefur það áhrif á sjálfsmyndina alla.

Við erum að leita leiða til að sækja um styrki til annarra sveitafélaga en Reykjavíkur sem hefur stutt verkefnið fyrir nokkrum árum síðan og leitum því til Garðabæjar. Efnið er ókeypis, metnaðarfullt og sérhannað fyrir foreldra barna á grunnskólastigi. Allt fagfólk gefur vinnu sína.

Kær kveðja

Dr. Þórdís Rúnarsdóttir
Sérfræðingur í klínískri sálfræði

Sálfræðistofan Höfðabakka
Höfðabakki 9 - 110 Reykjavík
Sími: 527-7600
Salfrædistofan.is

Sálfræðistofan Höfðabakka
Höfðabakki 9 - 110 Reykjavík
Sími: 527-7600
Salfrædistofan.is

**SÁLFRÆÐI
STOFAN**
HÖFÐABAKKA

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

This e-mail message and any attachments is for the exclusive use of the intended recipient(s) and may contain confidential information. If you are not the intended recipient, please uphold strict confidentiality and neither read, copy or make use of the content in any way. Furthermore, please notify the sender immediately by replying to this message and delete all copies of the message.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026